


Hafnarfjarðarkaupstaður
Gunnþóra Guðmundsdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.1.2020
Málsnr:	1607216
Bréfal:	553.3

Reykjavík, 23. janúar 2020
Tilvísun: 201905008 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna nýs stofnræsis á Völlum

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 8. janúar 2020, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði dags. 12. desember 2019 með uppdrætti í mkv. 1:15.000 og greinargerð.

Í breytingartillögunni felst að minnka hverfisverndarsvæðin HVa8 og HVa9 um 0.3 ha til að koma fyrir stofnræsi frá Nóntorgi að Hraunvallaskóla. Lögnin mun að mestu liggja meðfram núverandi göngustígum og vegum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi:

Minnt er á að gera þarf grein fyrir líklegum áhrifum fyrirhugaðrar breytingar á umhverfið sbr. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga.

Ítrekuð er ábending varðandi aðalskipulagsuppdrátt fyrir breytingu sem þarf að sýna allar áorðnar breytingar á aðalskipulaginu, síðasta breyting á aðalskipulagi var staðfest 7. janúar 2019.

Bent er á að í skýringardálk vantar að skýra táknið sem notað er á uppdrætti til að merkja legu stofnræsisins.

Minnt er á að þegar samþykkt skipulagstillaga er send til staðfestingar Skipulagsstofnunar þarf að fylgja með umsögn um hvernig bæjarstjórn hefur brugðist við framkomnum athugasemdum og umsögnum umsagnaraðila.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir